


Ársskýrsla náms- og starfsráðgjafa skólaárið 2014 – 2015


Grunnskóli Seltjarnarness



Kristín Sverrisdóttir og Rannveig Óladóttir


Einstaklingsráðgjöf

Nemendum Mýrarhúsaskóla fjölgaði þetta skólaárið og voru 302 í 1. - 6. bekk. Náms- og starfsráðgjafi ræddi formlega við 131 barn eða um 43% nemenda skólans sem fyrsta viðtal og um það bil 31 foreldra eins og mynd 1 sýnir. Þetta er örfáum börnum færri en á síðasta ári en úr öllum árgöngum. Eins og undanfarin ár komu fleiri drengir í viðtöl en stúlkur.




Mynd 1

Mörg mál eru þannig að fleiri en eitt viðtal þarf til að leysa málin og miklu skiptir að fylgjast vel með þeim og samstarf við foreldra eru mjög mikilvægt. Náms- og starfsráðgjafi lagði áherslu á að senda tölvupóst til foreldra þegar barn þeirra kom í viðtal. Skráð viðtöl við nemendur voru 342 og um 76 við foreldra. Myndin sýnir fjölda viðtala og hvernig þau dreifast milli kynja og aldurs.




Mynd 2

Náms- og starfsráðgjafi á yngsta- og miðstigi grunnskóla er háður góðu samstarfi við kennara barnanna og foreldra auk annars starfsfólks skólans til að ná árangri. Hann á því mörg viðtöl og samráð við samstarfsfólk sitt. Umsjónarkennari barnsins er sá aðili sem oftast vísar máli til náms- og starfsráðgjafa og síðan foreldrar.



Mynd 3


Helstu ástæður komu nemenda til náms- og starfsráðgjafa voru sem fyrr vegna samskipta, eða andlegrar- og líkamlegrar líðunar. Óvenju margir nemendur komu nýir í skólann úr öðrum skólum á skólaárinu.



Mynd 4

Formlegt samstarf

Hluti af vinnu náms- og starfsráðgjafa er að sitja fundi og starfa í nefndum og ráðum. Á næstu mynd eru kennara- og starfsmannafundir ekki taldir með.



Mynd 5

Einelti

Fimm eineltismál komu upp í Mýrarhúsaskóla á þessu starfsári sem námsráðgjafi veit um. Unnið var samkvæmt eineltisáætlun skólans og tókst skólanum að stöðva flest, a.m.k. í bili.


Önnur verkefni

- Kennsla í námstækni: „Að læra“ fyrir alla nemendur í 4. bekk og skipulögð vinnubrögð í 5. og 6. bekk. Einnig var kennt sérstaklega um góðan prófundirbúning.
- Sá um að fá fyrirlestur fyrir mæður stúlkna í 6. bekk um samskipti.
- Nokkrir „stelpufundir“ með stúlkum úr 6. bekk í framhaldi af fyrirlestrinum.
- Eineltisfræðsla í öllum 4. og 5. bekkjum og í samstarfi við Rannveigu og nema í 3. b.
- Lífsleikni „Samskipti í leik og starfi“ kennd í 5. bekk ásamt umsjónarkennurum á haustmisseri.
- Umsjón með „Jól í skókassa“-verkefninu sem skólinn tekur þátt í.
- Tengslakannanir gerðar í 3. og 6. bekkjum.
- Könnun á líðan í öllum árgöngum.
- ART námskeið fyrir 7 drengi úr 3. og 4. bekk ásamt Sjöfn Þráinsdóttur sérkennara á vormisseri.
- Umsjón og þátttaka í forvarnarstarfi gegn ofbeldi þ.á.m. kynferðislegu
 - Fræðsluefnið „Líkami minn“ fyrir 1. bekk með hjúkrunarfræðingi skólans
 - Brúðusýningin „Vinirnir í hverfinu“ var sýnd í 2. bekk
 - Teiknimyndin „Leyndarmálið“ sýnd í 3. bekk
- Kennaranemar sem voru í æfingakennslu fengu fræðslu um starf náms- og starfsráðgjafa á þessu skólastigi.
- Aðstoð við próftöku í janúar og maí.
- Kennsla í félagsfærni fyrir nemendur í 4. bekk ásamt Hildi Halldórsdóttur eftir áramót.
- Regluleg frímínútagæsla allt skólaárið.
- Umsjón með verkefninu „Hjólað í vinnuna“ í maí.

Rannveig Óladóttir: Valhúsaskóli – elsta stig Grunnskóla Seltjarnarness


Einstaklingsráðgjöf

Nemendur í 7. – 10. bekk voru 204. Náms- og starfsráðgjafi talaði við eða kom að málum 135 (66%) nemenda Valhúsaskóla, 72 drengja og 63 stúlkna, auk nokkurra yngri og eldri nemenda. Þetta er svipað hlutfall og síðasta skólaár. Námsráðgjafi átti samskipti við 48 foreldra og forráðamenn. Foreldrar 10. bekkinga leita mest til náms- og starfsráðgjafa, einkum vegna undirbúnings fyrir flutning þeirra í framhaldsskóla. Mynd 6 sýnir skiptingu eftir aldri og kyni.




Mynd 6

Algengast var að nemendur kæmu í fyrstu heimsókn að eigin frumkvæði. Umsjónarkennarar, stjórnendur, foreldrar, o. fl. vísa nemendum líka til námsráðgjafa eins og sjá má á mynd 7.



Mynd 7

Ástæður fyrsta viðtals við nemendur eru sundurliðaðar á mynd 8. Sumir nemendur komu í eitt skipti, flestir nokkrum sinnum og af ýmsum ástæðum, nokkrir fengu margskonar stuðning jafnt og þétt yfir skólaárið. Samskiptamál eru eins og áður stærsti flokkurinn, þar á meðal eru viðtöl vegna eineltismála.



Mynd 8

Náms- og starfsfræðsla

Val á framhaldsnámi. Nemendur í 10. bekk fengu fræðslu um mismunandi skipulag (áfanga-kerfi – bekkjarkerfi), námsframboð, innritun og inntökuskilyrði. Foreldrar fengu sendar upplýsingar og áttu greiðan aðgang að námsráðgjafa.

Framhaldsskólakynning var haldin í Valhúsaskóla í mars fyrir Seltjarnarnes og skóla í Vesturbæ Reykjavíkur. Þrettán framhaldsskólar á höfuðborgarsvæðinu kynntu námsframboð sitt.

Á vorönn höfðu framhaldsskólar opið hús fyrir nemendur og foreldra og sá námsráðgjafi um að auglýsa kynningarnar. Nemendur misstu af opnu húsi í Kvennaskólanum vegna árshátíðar og því fóru 40 nemendur á sérstaka kynningu þangað ásamt námsráðgjafa og einu foreldri.

Áhugakönnun. 10. bekkjum stóð til boða að taka Bendil, rafræna áhugakönnun fyrir ungt fólk. Þrjátíu nemendur tóku könnunina í ár, 17 stúlkur og 13 piltar.


Starfskynningar. Nemendur í 10. bekk fóru í starfskynningu 28. október. Í ár heimsóttu þau yfir þrjátíu ólíka vinnustaði og héldu síðar kynningar fyrir bekkjarfélaga sína í atvinnuþema í lífsleikni.

10. bekkingar heimsóttu einnig Tækniskólann og fengu fræðslu um fjölbreytt nám sem þar fer fram. Nemendur fengu val um þrjá möguleika og gátu kynnt sér: 1) Upplýsingatækni-, Byggingartækni- og Raftækniskólann, 2) Hönnunar- og handverksskólann og Hársnyrtiskólann, eða 3) Skipstjórnar- og Véltækniskólann. Nemendur voru almennt ánægðir með heimsóknina og töldu sig hafa fræðst um margt sem þeir vissu ekki áður.

Prófundirbúningur. Allir bekkir fengu fræðslu um prófundirbúning.

Samstarf – fundir

Námsráðgjafi átti mikið samstarf vegna nemenda við foreldra, kennara, stjórnendur, annað starfsfólk skólans, félagsþjónustu og námsráðgjafa í framhaldsskólum. Fjöldi formlegra funda má sjá á mynd 9. Starfsmannafundir, sem eru fjöldamargir, eru ekki meðtaldir.



Mynd 9

Önnur verkefni

Einelti. Átta eineltismál komu upp á skólaárinu, svo vitað sé. Námsráðgjafi tók þátt í að vinna að lausn þeirra í samvinnu við stjórnendur, nemendur, foreldra og starfsfólk skólans. Umsjónarkennarar sáu um að leggja eineltiskannanir fyrir sína bekki. Fólk frá Ungmennaráði Seltjarnarness sá um samskiptafræðslu í 7. og 8. bekk, tvær kennslustundir í hverjum bekk, í samráði við námsráðgjafa og Margréti Sigurðardóttur, forstöðukonu Selsins.

Tengslakannanir. Umsjónarkennarar nokkurra bekkja lögðu tengslakannanir fyrir sína bekki og námsráðgjafi sá um úrvinnslu. Í maí kannaði námsráðgjafi tengsl nemenda í 8. bekk, niðurstöður eru notaðar þegar raðað er í nýja bekki fyrir næsta skólaár.

Fjarnám. Námsráðgjafi er tengiliður við Tungumálaver og framhaldsskóla vegna nemenda sem stunda fjarnám og nám á framhaldsskólastigi. Á hverju ári læra nokkrir nemendur norsku eða

sænsku í stað dönsku. Spænska 103 og 203 var kennd sem valgrein og luku átta nemendur áföngunum.

Stuðningur vegna prófa. Nokkrir nemendur sem þurftu sérstök stuðningsúrræði eða áttu við prófkvíða að etja tóku próf hjá námsráðgjafa.

Líkamsmyndarnámskeiðið Body Project. Fimm stúlkur í 10. bekk sátu þetta námskeið sem námsráðgjafi stýrði. Námskeiðið er kennt í tveimur kennslustundum sem hvor um sig er tvær klukkustundir. Námskeiðið er hannað til að bæta líkamsmynd og efla sjálfsöruggi gagnvart útlitsþrýstingi samfélagsins. Námskeiðið er, eins og nafnið bendir til, byggt á erlendri fyrirmynd en hefur verið aðlagð að íslenskum aðstæðum.

Skráningar. Námsráðgjafi undirbjó nýtt skráningarkerfi, sem ætlunin er að taka í notkun á næsta skólaári. Það mun gefa kost á ítarlegri upplýsingum en gefnar hafa verið í ársskýrslum hingað til, t.d. um ástæður þess að nemendur og foreldrar leita til námsráðgjafa.

Kristín og Rannveig: Samvinnuverkefni námsráðgjafa á skólaárinu

Að brúa bilið.

Námsráðgjafar sáu um að skipuleggja vinabekkjaskipti milli 6. og 9. bekkja og annan undirbúning 6. bekkinga fyrir flutning milli skólahúsa. Námsráðgjafi í Valhúsaskóla ræddi við og svaraði spurningum 6. bekkinga í Mýrarhúsaskóla og nemendur fóru í heimsókn í Valhúsaskóla þar sem skólastjórnendur og fulltrúar nemendafélagsins kynntu nám og starf og sýndu skólann.

Símenntun.

Námsráðgjafar tóku þátt í sameiginlegri símenntun skólans, s.s. *Læsi til náms* og skyndihjálp. Þar að auki sóttu námsráðgjafar ráðstefnur, fyrirlestra og námskeið á sínu sviði.

Vettvangsnám.

Tveir meistararnemar í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands voru hér í starfsþjálfun, í 200 tíma hvor, á skólaárinu.

Seltjarnarnesi, 12. júní 2015

Kristín Sverrisdóttir, Mýrarhúsaskóla

Rannveig Óladóttir, Valhúsaskóla